



Stjórn SSH 426. fundur

Mánudaginn 8. febrúar 2016, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mæting: Dagur B. Eggertsson, Haraldur Lindal Haraldsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Guðný Ívarsdóttir og Gunnar Einarsson.
Framkvæmdastjóri SSH, Páll Guðjónsson sat fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

1. Kjarasamningar

Fundinn sátu undir þessum dagskrárlið Helgi Grímsson, sviðstjóri skóla- og frístundarsviðs Reykjavíkurborgar og Björn Þráinn Þórðarson, fræðslustjóri Mosfellsbæjar.

Á fundinn mætti Inga Rún Ólafsdóttir forstöðumaður kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga til yfirferðar yfir ýmis mál varðandi kjarasamninga við starfsmenn sveitarfélaganna.

Inga Rún gerði grein fyrir stöðu kjarasamninga, fór yfir hvaða samningum er lokið og við hvaða félög er enn ósamið.

Umræður

Rætt var sérstaklega um komandi samninga við grunnskólakennara.

Niðurstaða

Aðilar voru sammála að efla þurfi upplýsingaflæði og samskipti milli sveitarfélaganna og kjarasviðs Sambandsins í aðdraganda og vinnuferli kjarasamninga héðan í frá.

2. Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins

Fundinn sátu undir þesum dagskrárlið: Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri, Þorsteinn Hermannss. frá verkfræðistofunni Mannvit, Árni Geirsson frá verkfræðistofunni Alta, Hermann Ottósson ráðgjafi hjá Skýr Sýn og Sigurður Snævarr.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fjárhagslegri stöðu verkefna sóknaráætlunarinnar, en síðan gerðu ofangreindir grein fyrir stöðu einstakra verkefna:

a) Borgarlínan

Hrafnkell Á. Proppé og Þorsteinn Hermannsson fóru yfir helstu þætti, m.a. var gerð grein fyrir skýrslu Mannvits um mögulegar fjármögunarleiðir vegna stofnkostnaðar og reksturs hraðvagnakerfis borgarlínunnar.

b) Tölfræði höfuðborgarsvæðisins

Hrafnkell Á. Proppé og Árni kynntu grunn að grafískri framsetningu tölfræðiefnis á heimasíðu SSH sem nú er í lokavinnslu.

c) Sameiginleg markasetning höfuðborgarsvæðisins gagnvart erlendum fjárfestum

Hermann Ottóson kynnti meginþætti verkefnisins, gerði grein fyrir samráði og samstarfi við stýrihóp verkefnisins sem skipaður er fulltrúum þeirra sem helst koma að markaðssetningu Íslands gagnvart erlendum fjárfestum, og kynnti grunn á nýrri heimasíðu – Invest in Reykjavík.

Umræður

Dagur B. Eggertsson vék af fundi í lok þessa dagskrárliðar og Ármann Kr. Ólafsson tók við fundarstjórn.



3. Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk

- a) Áfallinn verkefnakostnaður 2015.
Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað með yfirliti yfir þau verkefni sem unninn voru á vettvangi SSH á árinu 2015 vegna sameiginlegrar ferðaþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu.
- b) Ákvörðun um úrvinnslu og verkefni 2016 – kostnaður og skipting kostnaðar.
Frestað til næsta stjórnarfundar.
- c) Fundargerð samráðshóps forstöðumanna velferðarsviða frá 27. janúar 2016 – tillaga um endurskoðun á þjónustulýsingu vegna ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk – breyting á þjónustutíma þjónustuvæðis.
Tillaga samráðshópsins um breyttan þjónustutíma samþykkt.

4. Ársreikningur SSH 2015

Fyrir fundinum lágu óendurskoðuð drög að ársreikningi SSH fyrir árið 2015, ásamt minnisblaði endurskoðanda vegna framsetningar reikningsins. Gert er ráð fyrir að fullfrágenginn og endurskoðaður reikningur verði lagður fyrir næsta stjórnarfund, 7. mars nk. til staðfestingar.

5. Samstarfssamningur um hraðlest milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins.

Fyrir lágu endurskoðuð drög að samningi.

Umræður

Niðurstaða:

Formaður og framkvæmdastjóri ganga frá endanlegri tillögu að fengnum athugasemdum stjórnarmanna. Tillagan verður síðan send til umfjöllunar og afgreiðslu í aðildarsveitarfélögunum.

6. Frumvarp til laga um almennar íbúðir – erindi frá Mosfellsbæ

Haraldur Sverrisson vakti máls á fyrirbyggjandi frumvarpi til laga um almennar íbúðir og þeim miklu fjárhagslegu áhrifum sem samþykkt þess getur haft á sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Fyrir lá umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um málið.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH telur óhjákvæmilegt að fjárhagsleg áhrif frumvarpsins og þær skuldbindingar sem í því kunna að felast fyrir sveitarfélögin verði skoðuð til hlítar, og beinir því til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga að taka þennan þátt til rækilegrar skoðunar og umsagnar til viðbótar við þá tæknilegu umsögn sem nFú liggur fyrir af hálfu Sambandsins.

Framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir við Sambandið

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:30.